

Tollskráin

Tollar eru öllum viðkomandi.

Hvers vegna?

Vegna þess að tollurinn er venjulega beinn verðauki, sem neytendurnir verða að greiða og allir þegnar þjóðfélagsins, hvort heldur þeir vinna að framleiðslu, dreifingu eða alls ekki neitt, eru neytendur í einhverri mynd.

En í framkvæmdinni varða tollarnir verzlunarstéttina öðrum fremur, því að hún er sá fulltrúi þegnanna, sem ríkisvaldið krefur um tollinn. Nú hefir í skjótri svipan orðið gjörbreyting á íslenskri tollalöggjöf, og virðist því ekki aflægis, að hér í riti verzlunarmanna sé farið nokkrum orðum um þessa nýbreytingu.

Mergurinn málsins er, að síðasta Alþingi samþykkti „Frumvarp um tollskrá o. fl.“, sem fól í sér bálkun og samræmingu eldri tollalaga. Á þann hátt hafa Íslendingar fengið eina samfellda tollskrá í stað fjölda ósamstæðra tollalaga.

*

Það eru til margar gerðir af tollskrá, þ. e. a. s. mismunandi aðferðir til þess að flokka vörurnar eftir innan tollskrárinnar. En út í þá sálma skal ekki farið hér, enda hefir hver gerðin nokkuð til síns ágætis.

Fyrir atbeina Þjóðabandalagsins hafa síðan 1928 verið gerðar markvissar tilraunir til þess að samræma tollskrár hinna ýmsu landa. Það var því bæði eðlilegt og hyggilegt, að tollskrárfrumvarp Þjóðabandalagsins ásamt norskri og sænskri tollalöggjöf skyldu höfð til fyrirmyndar við samningu ísl. tollskrárinnar. Samt hefði máske verið æskilegra, að henni hefði í ríkara mæli verið sniðinn stakkur í samræmi við hinar ísl. Verzlunarskýrslur en raun er á, því að það var framkvæmanlegt án þess að skerða ramma Þjóðabandalagsfrumvarpsins til muna. En þetta eru smávægilegir agnúar, sem ástæðulaust er að hengja hatt sinn á, því að form skrárinnar er að öðru leyti lítalítið.

Tollskráin er eins og von var til viðamikill lagabálkur. Hún skiptist í 21 flokk, sem síðan eru greindir í 87 kafla, og að lokum er

köflunum deilt í fjölda undirliða. Sem sagt allýtarleg flokkun og greining varanna, sem óþarft er að rekja frekar, því að sjón er sögu ríkari, og brátt mun tollskráin verða í hvers manns höndum. Ég fjölyrði því ekki um ytri frágang hennar.

*

Höfuðbreytingin, sem tollskráin hefir í för með sér, er, að í stað fyrri tollaflækju: vörutolls, verðtolls, tolls (af kaffi og sykri) samkvæmt tollalögum frá 1911, viðskiptagjalds, gjaldauka og gengisviðauka, koma nú aðeins tveirollar: vörumagnstollur og verðtollur. Þessa nýgreiningu ber vafalaust að telja til verulegra úrbóta.

Nýi vörumagnstollurinn er nákvæmlega sama eðlis og vörutollurinn var áður og er reiknaður samkvæmt sömu reglum; magns- og þungatollur reiknaður undantekningarlítið af þunga vörunnar með umbúðum (brúttóþyngd). Þau fáu afbrigði, þar sem reikna ber toll eingöngu af þunga vörunnar án umbúða (nettóþunga), eru sérstaklega einkennd í skránni.

Öðru máli gegnir um nýja verðtollinn. Hann felur raunverulega í sér gamla verðtollinn, viðskiptagjaldið, gjaldaukann o. fl. En hér er þó um algjöra eðlisbreytingu að ræða, því að áður nefndirollar voru allir reiknaðir af verði vörunnar kominnar á skipsfjöl (fobverðinu), en nú ber að greiða toll af verði vörunnar í útflutningslandinu að viðbættum flutningskostnaði, tryggingum, sendingarkostnaði etc., af því, sem almennt er nefnt „cif-verð“ vörunnar. Af þessari nýju tilskipun hlýtur að leiða tilfinnanlega tollahækkun (af hveiti mun tollurinn hækka um ca. 200%, af sumum vefnaðarvörum um 40%, af skófatnaði um 30—60% og af sementi um 70%). Fyrir þessa sök eina mun því „cif-tollurinn“ eiga marga andmælendur. Að öðru leyti virðist mega til sanns vegar færa, að fræðilega séð sé fátt hægt að finna þessari stefnubreytingu til foráttu, að minnsta kosti ekki á tímum eðlilegs viðskiptalífs. Til málsbóta „cif-tolluninni“ stendur einnig, að hún mun tíðk-

uð víðast hvar annars staðar, t. d. í nággranna-
löndum vorum.

Einn fyrirvari er þó gerður við regluna um
„cif-tollun“. Vörur þær, sem sérstök ákvæði
gilda um í hinum svonefnda „Enska samn-
ing“ frá árinu 1933, eru undanþegnar ákvæð-
inu um „cif-tollun“ og ber aðeins að greiða
verðtoll af „fob-verði“ þeirra.

Að lokum er í þeim hluta tollskrárinnar,
sem um verðtollinn fjallar, ákvæði eitt, sem
líklegt er að litlum vinsældum muni fagna.
Ákvæði þetta hefir í umræðunum um toll-
skrána verið nefnt „afsláttarákvæðið“. Þar
er svo fyrir mælt, að verðtoll skuli ekki ein-
ungis greiða af raunverulegu greiðsluverði
vörunnar (nettó-verði), heldur af svonefndu
„almennu verði“ vörunnar, þ. e. a. s. ef af-
sláttur er veittur af vöru, ber samt að greiða
toll af „brúttó-verði“ vörunnar; greiða ber
verðtoll af afslætti af kaupverði vörunnar,
flutningsgjöldum og öðrum þeim þáttum, sem
„cif-verð“ vörunnar samanstendur af.

Hér hefir verið drepíð á nokkrar þær meg-
inbreytingar í tollamálum, sem tollskráin
mun hafa í för með sér. Er þó fjarri lagi, að
öll kurl séu komin til grafar, enda ógerning-
ur í stuttri blaðagrein að lýsa svo umfangs-
miklum lagabálki til hlítar.

✱

Í nýbreytingum tollskrárinnar kennir svo
margra grasa, að þær verða ekki krufnar hér
til mergjar. Ég vil þó ekki ljúka þessum pistli
án þess að benda á nokkur þau ákvæði, sem
betur mættu fara og jafnvel gætu orðið ásteyt-
ingarsteinn öðru tveggja ríkisvaldinu eða
þegnumum.

Eitt aðalmarkmið nefndar þeirrar, sem að
samningu tollskrárinnar starfaði, var að sam-
ræma ísl. tollalög tollalöggjöf grannþjóðanna.
Þar tíðkast sú venja, að einungis er greiddur
vörumagnstollur af „nettó-þunga“ vörunnar.
Það hefði því mátt teljast eðlilegt, að sams-
konar ákvæði hefði verið tekið upp í hina ísl.
tollskrá. Að svo var ekki gert, er ljóður á toll-
skránni.

Ákvæðið um „cif-tollunina“ er valið þrætu-
epli. En látum það gott heita á tímum eðli-
legs viðskiptalífs, þegar verðsveiflurnar eru
straumkastalitlar og um fram allt þegar farm-
gjöldin eru litlum breytingum háð. En nú er
viðhorfið annað, því að viðskiptalífið er sök-
um ófriðarins mjög úr skorðum keyrt, og
farmgjöld hafa stigið um 100—400%. Ef á
slíkum tímum á að reikna farmgjöld með til
verðtollunar, hlýtur það að hafa í för með sér

verulega verðhækkun, sem hvorki ætti að
vera aufúsugestur fyrir þegnana né ríkis-
stjórn, sem berst gegn dýrtíðinni. Þessi hætta
mun mörgum hafa verið ljós, því að fjármála-
ráðherra var veitt heimild til þess að gefa
undanþágu frá því að hin háu stríðsfarmgjöld
væru reiknuð til verðtollunar.

Öll afbrigði skerða algildi reglunnar.

Þetta átti að vera eitt aðalboðorðið við toll-
skrársamninguna, því að í stað flækjunnar
áttu nú að dragast beinar línur í tollamálun-
um. Ákvæðið um „Enska samninginn“ er ekki
stórvægilegt atriði, en það er ástæðulaust
brot á meginreglu og hæpið eins og önnur sér-
réttindi, því að það skapar mismunandi sam-
keppnisgrundvöll og gefur slæmt fordæmi.

Afsláttarákvæðið mun án efa verða mörg-
um innflytjendum þyrnir í augum, því að það
er óréttmætt og til verulegra óþæginda. Svo
er mál með vexti, að margar varningstegund-
ir eru seldar með föstum og almennum af-
slætti, t. d. „fittings“ með 85% afslætti, hita-
brúsar með 33%, gúmmídrifreimar með 70—
75% og tvinni með 5—15% afslætti. Ef
greiða verður verðtoll af þessum afslætti, þá
mun það leiða til meinlegra óþæginda, því að
innflytjendum mun auðvitað ekki koma til
hugar að greiða verðtoll af upphæð, sem þeim
ekki ber að greiða, heldur einungis er reikn-
ingsatriði. Þeir munu því láta breyta reikn-
ingunum þannig, að á þeim standi ekki
„brúttó-verð“ að frádregnum afslætti, held-
ur aðeins „nettó-verðið“. Þetta er ómak og
óþarft umstang, sem auk þess mun hafa í för
með sér tortryggni af hálfu tollstjórnarinnar.

Í tollaskrána hafa auk þessa slæðzt nokk-
ur önnur ákvæði, sem eru innflytjendum til
óþæginda eða jafnvel öryggisrýrandi fyrir
þá. Til óþæginda verður það að teljast, að
mjög er nú aukinn fjöldi þeirra skjala, sem
innflytjendur eru skyldaðir til þess að leggja
fram við tollun vöru. Eitt þessara skjala er
t. d. váttryggingarskírteini vörunnar, sem alls
ekki er alltaf í höndum innflytjenda og því
ekki handbært við tollafgreiðslu vörunnar.

Enn fráleitari eru þó þær ákvarðanir, að
innflytjandi verði jafnan að afhenda toll-
skrifstofunni samrit af vörureikningi sínum
til eignar og umráða, og að hverjum óbreytt-
um tollstarfsmanni sé eftir eigin geðþótta
veittur óhindraður aðgangur að öllum verzl-
unarbókum og bréfum innflytjenda. Bæði
þessi fyrirmæli eru stórhættuleg, því að þau
getat leitt til embættismisbeitingar, eða að
minnsta kosti haft það í för með sér, að mik-

Frh. á bls. 31.

Tollskráin, frh. af bls. 7

ilsverð einkamál fyrirtækja, sem að innflutningsverzlun starfa, kæmust með vilja eða sökum gáleysis á vergang. Þetta gæti verið viðkomandi fyrirtæki til óbætanlegs tjóns.

*

Síðasta Alþingi samþykkti 81 lög. Það var að minnsta kosti einum lögum of mikið, tollskrárlögunum. Tollskráin hefir marga kosti, en á henni eru einnig vankantar og verulegir smíðagallar, sem auðveldlega hefði verið hægt að ráða bót á, ef lengri tími hefði verið til umráða fyrir þá, sem að henni unnu, og breytingartillögur innflytjenda verið teknar til greina. En Alþingi rasaði um ráð fram, afgreiðslu tollskrárinnar var flýtt um of, því eru gallar á gjöf Njarðar.

Nemendasambandið, frh. af bls. 8

seminnar hefir verið um of lítill gaumur gefinn.

Verður vonandi úr bætt, og er hugmynd stjórnar V. R. að boða til almennra félagsfunda í hverjum mánuði til vors. Verður rætt um málefni félagsins, stéttarinnar og fleira til fróðleiks og ánægju fyrir félagsmenn. Væntir stjórnin að félagsmenn sækji fundi vel og taki með nýja félaga.

Í ráði er að boða á næstunni til útbreiðslufundar. Verður nánar frá skýrt í dagblöðunum.

III.

Nemendasambandið.

Aðalfundur Nemendasambands Verzlunarskóla Íslands var háður 18. jan. síðastliðinn. Sambandið er liðlega árgamalt, en hefir á því tímabili unnið mikið og merkilegt starf í þágu skólans. Hefir verið samin skrá yfir alla nemendur Verzlunarskólans frá fyrstu tíð, um fæðingarár, skólaár, foreldra, starfsemi og fleira. Mun skrá þessi reynast síðar hið merkasta heimildarsafn um nemendur skólans og örlög þeirra.

Verzlunarskóli Íslands verður á komandi vori 35 ára. Þess afmælis mun Nemendasambandið minnst með því að kveðja til samkomu alla nemendur skólans eldri og yngri, sem hægt verður að ná til.

Nemendasambandið gaf út á síðasta ári rit, sem fjallar um starfsemi þess, sögu Verzlunarskólans, skráða af núverandi skólastjóra, Vilhj. Þ. Gíslasyni, Árnaðarorð til sambands-

FRJÁLS VERZLUN

„FRJÁLS VERZLUN“

Útgefandi: Verzlunarmannafélag Reykjavíkur. —
Formaður: Friðþjófur O. Johnson.

Ritstjóri: Einar Ásmundsson. Ritnefnd: Adolf Björnsson, Björn Ólafsson, Pétur Ólafsson, Pétur O. Johnson, Vilhjálmur Þ. Gíslason. — Skrifstofa: Mjólurfélagshúsinu, 2. hæð, herbergi 16—17. — Áskriftargjald: 5 krónur á ári, 12 hefti. — Lausala: 0,50 aura heftið. — Prentsmiðja: Ísafoldarprentsmiðja h.f.

ins eftir fyrirv. skólastjóra Jón Sívertsen, og margar greinar fleiri fróðlegar og gagnlegar.

Í stjórn Nemendasambandsins voru kjörnir Konráð Gíslason formaður, Guðm. Ófeigsson, Adolf Björnsson, Guðjón Einarsson og Haraldur Leonhards.

Ritnefndin var endurkjörin. Hana skipa Árni Óla, Óskar A. Gíslason og Hjálmar Blöndal.

Nemendasamband Verzlunarskóla Íslands er þegar orðið mjög fjölmennt og fer félögum þess ört fjölgandi.

Casson: Framtak einstaklingsins skipulagt.

Allir þeir, sem vilja koma framtaki einstaklingsins fyrir kattarnef, segja að þurfi að „skipuleggja“ það.

Þessir menn segja, að frjáls samkeppni hljóti að enda í óreiðu og upplausn. Þeir segja að samkeppnin orsaki óþarfa eyðslu og sé „óökonomísk“, hvað sem það orð á að þýða. En þetta er allt saman barnahjal.

Sannleikurinn er sá, að hver einasta atvinnu- og iðnaðargrein, sem er einkaeign, skapar sínar eigin reglur — hagkvæmar starfsreglur, en ekki neinar stjórnartilskipanir. Menn geta kynnt sér hvaða starfsgrein sem er og menn munu komast á snöðir um, að þær hafa skapað sér hagkvæmar aðferðir til þess að afla sér hráefna og koma framleiðslu sinni á markaðinn.

Það er ekkert til, sem heitir glundroði í hinu „kapítalistiska“ skipulagi. En glundroðinn skapast, þegar það er sett undir opinbert eftirlit af mönnum, sem þekkja það ekki, en ætla sér að „skipuleggja“ það.

Verzlun og viðskipti hafa sínar „siglingaleiðir“. Þau hafa venjur og aðferðir, sem skapast hafa við langa reynslu. Það er engin ástæða til þess að ofangreindar „siglingaleiðir“ sé lagðar niður. Þvert á móti á að leyfa verzlun og viðskiptum að halda áfram eins og áður, meðan þess er nokkur kostur.

Það mun ekki draga úr örðugleikunum, að vera alltaf að stjaka við verzluninni. Það er einkaframtakið, en ekki „skipulag“, sem færa þjóðunum hagnað. Það hefir aldrei orðið til heilla, er ríkið fer að skipta sér af verzlun og iðnaði.